

Hveragerðisbær  
Breiðumörk 20  
810 Hveragerði

Reykjavík 8. janúar 2019  
UST201812-136/A.B.  
10.04.03

**Efni:** Lýsing – Stækkun deiliskipulagssvæðis – Hveragerðisbær - Vorsabær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar er barst 18. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Vorsabæ í Hveragerðisbæ.

Í greinargerð kemur fram að við endurskoðun aðalskipulags Hveragerðisbæjar 2017-2029 var athafnasvæðið A2 stækkað og felst deiliskipulagsbreytingin í því að stækka mörk reitsins til samræmis við það. Þar af leiðandi mun deiliskipulagsreiturinn sem er 5,6ha að stærð fyrir breytingu, verða 9,1ha eftir breytingu og stækkar því um 3,5ha.

Auk þess kemur fram að deiliskipulagsmörk verða einnig aðlöguð breyttri veglínu tengivegar undir Suðurlandsveg og við stækkun reitsins verða til u.þ.b. 10 nýjar lóðir suðvestan við aðkomuveg.

Í gildandi aðalskipulagi segir að á svæðinu er gert ráð fyrir garðyrkju, verkstæði, iðngörðum og annarri almennir atvinnustarfsemi.

### **Fráveita**

Umhverfisstofnun telur að ekki sé fjallað á nægilegan hátt um fráveitumál í gildandi deiliskipulagi og breytingartillögunni. Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999 og að mikilvægt er að sveitarfélagið gerir grein fyrir magni og innihaldi fráveitu, efnasamsetningu og ástandi viðtaka í skipulagsáætluninni.

Það er mat Umhverfisstofnunar að það sé mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig fráveitumál verða leyst á svæðinu þar sem að jarðvegur er rýr.

## Olíumengun

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tekið sé fram í greinargerð tillögunnar að farið verður eftir reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

## Sérstaka verndin

Í greinargerð kemur fram að mið- og austurhluti skipulagssvæðisins einkennist af mosavöxnu hrauni. Samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands er allt skipulagssvæðið skilgreint sem hraun.

Umhverfisstofnun telur að svæðið falli því undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufrýrbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.


Það er mat Umhverfisstofnunar að lýsingin sýni ekki fram á nægilega sterk rök sem réttlætir röskun á ofangreindu verndarsvæði sem skipulagstillagan nær til. Því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að fjallað verði um ofangreinda grein í lögum um náttúruvernd í forsendukafla tillögunnar, að svæðinu verði lýst með ýtarlegri hætti og metið hver áhrifin tillögunnar verða á náttúruminjar.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veга saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur